

Tilmæli 1/2023  
Tillaga A 1932/PRE  
Afgreiðsla Forsætisnefnd

## Nefndarálit um pólítiikt samráð um tilmæli 1/2023

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð álitu að höfðu pólítiiku samráði að afgreiðslu tilmæla 1/2023 sé *lokið*.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu utanríkisráðherranna

- að skiptast á upplýsingum og þróa enn frekar fyrirbyggjandi samstarfsverkefni Norðurlanda og Úkraínu um þróun opinberrar stjórnsýslu, menntun og innviði;
- að vinna saman að því að tryggja bæði norræna og evrópska fjármögnun fyrir enduruppbyggingu Úkraínu;
- að styðja Úkraínnumenn í starfi gegn spillingu en efla lýðræðislega stjórnun opinberra fjármála.

### Pólítiikt samráð

Forsætisnefndin vísaði til svars norrænu ríkisstjórnanna við tilmælum 1:2023 um stuðning norrænu ríkisstjórnanna við enduruppbyggingu Úkraínu. Tilmælin voru fyrst til afgreiðslu í forsætisnefnd á vordögum en langt svar sem barst við þeim var afgreitt á fundi nefndarinnar í september. Þar kom fram að forsætisnefndin tók undir svör norrænu ríkisstjórnanna og lýsti sig hlynnta því að haldið yrði áfram því mikla starfi til stuðnings Úkraínu sem ríkisstjórnirnar vísuðu til. Hins vegar óskaði nefndin eftir ítarlegri umræðum og útskýringum aðallega á hinu mikilvæga máli aðgerðum gegn spillingu og þess háttar við uppbyggingu í Úkraínu að stríði loknu. Því var lagt til að haft yrði pólítiikt samráð á fundi forsætisnefndar með utanríkisráðherrunum á þinginu í Ósló 2023.

Forsætisnefndin fagnaði samstarfinu sem norrænu ríkisstjórnirnar höfðu átt um málefni Úkraínu og þeim mikla áhuga og samstarfi sem vísað var til. Hins vegar óskaði forsætisnefnd eftir nánari upplýsingum frá ríkisstjórnunum um framlag landanna til Úkraínu, einnig í framhaldinu. Einkum var átt við framlag til að tryggja lýðræðislega stjórnun þeirra fjármuna sem veittir verða til enduruppbyggingar landsins og einnig til



hvaða aðgerða ríkisstjórnirnar hafa gripið í því skyni að draga úr hættu á spillingu og þess háttar, einnig í uppbyggingarferlinu.

Í samráðinu var augljóst að ríkisstjórnirnar unnu nú þegar með virkum hætti, saman og hver um sig, einnig með Europol og öðrum aðilum sem Evrópusamstarfið tekur til meðal annars að því að sporna við spillingu, koma í veg fyrir að vopn berist frá Úkraínu og öðrum mikilvægum málum. Greinilegt var að góður grundvöllur og traust samstarf var fyrir hendi til að fylgja eftir og sporna við spillingu þegar stríðinu lýkur og hægt verður að byggja landið upp á ný. Ríkisstjórnirnar lögðu einnig áherslu á að stuðningur við Úkraínu myndi ekki bregðast heldur myndu norræn stjórnvöld halda áfram að veita Úkraínu öflugan stuðning og stuðla að friði.

## Sjónarmið forsætisnefndar

Í samráðinu ríkti mikill einhugur um hvernig ríkisstjórnirnar gætu staðið að málum við enduruppbyggingu Úkraínu þegar stríði lýkur. Forsætisnefndin taldi aðgerðir gegn spillingu og eftirlit með nýtingu fjármuna skipta mestu máli og fyrir vikið var stuðningur við áform ríkisstjórnanna um að taka á vandanum.

Með pólitísku samráði hefur verið mætt þeirri ósk sem forsætisnefndin bar fram á fundi sínum í september 2023 þegar nefndin tók almennt undir svar ríkisstjórnanna við tilmælunum en óskaði eftir nánari upplýsingum, einkum varðandi það hvernig tekið væri á spillingu og þess háttar.

Esbo, 11. desember 2023

*Annette Lind (S)*  
*Heléne Björklund (S)*  
*Kim Berg (sd)*  
*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*  
*May Britt Lagesen (A)*  
*Anna Starbrink (L)*  
*Hanna Katrín Friðriksson (Vr)*  
*Heidi Greni (Sp)*

*Jouni Ovaska (cent)*  
*Helge Orten (H)*  
*Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)*  
*Maria Stockhaus (M)*  
*Kathy Lie (SV)*  
*Lorena Delgado Varas (V)*  
*Juho Eerola (saf)*